



Grandagarður 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Björgunarsveitarinnar Ársæls, dags. 19. janúar 2026, ásamt bréfi, dags. 19. janúar 2026, um þegar uppsett auglýsingaskilti á gafli hússins á lóð nr. 1 við Grandaveg. Einnig er lögð fram ljósmynd.



2040 Deiliskipulag



Aðalskipulag Reykjavíkur
Götumynd, tekin af Já.is



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Grandagarði 1 borgarluta 1 Vesturbær og er hluti af hafnarsvæði, H2 – Örfirisey – blandað athafnasvæði.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir fyrir Vesturhöfn - Örfirisey sem samþykkt var þann 3. nóvember 2015.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 1 við Grandagarð er skráð björgunarstöð í fasteignaskrá en húsið var byggt árið 1973. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að fá að koma fyrir stafrænu skilti á gafli hússins að Grandagarði 1. Ekki fylgir umsókn hve stórt skiltið á að vera en búið er að koma því fyrir.

Ekki er fjallað um stafræn skilti í deiliskipulagi og skal því fara eftir samþykkt um skilti í Reykjavík.

Í samþykkt um skilti í Reykjavík segir um skilti á athafna- iðnaðar- og hafnarsvæðum

4.4.7. Stafræn skilti

Heimilt er að veita ákveðnum stofnunum/fyrirtæjum leyfi til að setja upp stafrænt auglýsingaskilti á standi eða vegg, séu sambærileg skilti staðsett þar fyrir. Skiltin mega ekki vera hærri en 8m og ekki stærri en 10m², nema að annað sé heimilað í skipulagi. Stafræn skilti m. hreyfimyndum (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Hámarksstærð 0,5m².



Þar sem ekkert sambærilegt skilti var fyrir á gafli hússins og miðað við ljósmynd er skiltið stærra en 0,5 m² er ekki hægt að fallast á að heimila stafrænt skilti á gafli hússins að Grandagarði 1.

Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindið, samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík